

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 54/2010

frá 30. apríl 2010

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2009 frá 4. desember 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/38/EB frá 6. maí 2009 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjasamstæðum, er starfa á Bandalagsvísu, varðandi upplýsingamiðlun til starfsmanna og samráð við starfsmenn (endurútgefin) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/38/EB fellur úr gildi, hinn 6. júní 2011, tilskipun ráðsins 94/45/EB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 6. júní 2011.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XVIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Núverandi 27. liður (tilskipun ráðsins 94/45/EB) verði endurtölusettur sem liður 27a.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 26. lið (tilskipun ráðsins 92/56/EBE, brottfallin):

„27. **32009 L 0038**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/38/EB frá 6. maí 2009 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjasamstæðum, er starfa á Bandalagsvísu, varðandi upplýsingamiðlun til starfsmanna og samráð við starfsmenn (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2009, bls. 28).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 45, og EES-viðbætur nr. 12, 11.3.2010, bls. 44.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 122, 16.5.2009, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 254, 30.9.1994, bls. 64.

3. Texti hins nýja liðar 27a (tilskipun ráðsins 94/45/EB) falli brott 6. júní 2011.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/38/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
A. Seatter
formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.